


# fólk í fréttum



Vinningshafar í happdrættinu ásamt nokkrum aðstandendum.

Morgunblaðið/Ingvar

## OPNUN

### Þúsundir við opnun Húsasmiðjunnar



Fjöldmenn þáði veitingar í tilefni dagsins.

Húsasmiðjan opnaði fyrir skömmu nýja glæsilega verslun að Helluhrauni í Hafnarfirði. Mikið var um dýrðir í tilefni dagsins og fjölmenni var á staðnum. Meðal þess sem efnt var til í tilefni dagsins var happdrætti þar sem dregið var um vinninga að andvirði hundruð þúsunda króna, en happdrættis var þannig framkvæmt, að dreyfibréf var borið í öll hús í Hafnarfirði, á Álftanesi og í Garðabæ, en þeir sem vildu vera með þurftu að koma bréfinu útfylltu í kassa sem komið var fyrir við opnun verslunarinnar. Alls bárust nöfn 5350 þátttakenda.

## AKRANES

### Pele gerður að heiðursfélaga ÍA

Knattspyrnugóðið brasilíska, Pele, kom við á Akranesi á dögunum á ferð sinni um landið. Eins og nærri má geta var vel tekið á móti honum í knattspyrnubænum og var fjöldi manns samankomin á knattspyrnuvöllinum þegar þyrta sem flutti kappann lenti þar. Gísli Gíslason bæjarstjóri ávarpaði gestinn og afhenti honum lykil af Akranesbæ fyrstum manna.

Alfred W. Gunnarsson gullsmiður á Akranesi smíðaði gripinn. Þá var Pele gerður að heiðursfélaga Knattspyrnufélags ÍA og er hann þriðji heiðursfélagi félagsins. Fyrir voru gömlu knattspyrnu- stjórnurnar Ríkhartur Jónsson og Þórður Þórðarson. Í stuttu ávarpi Gunnar Sigurðssonar þegar heiðursútnefningin var tilkynnt sagði hann að mesti

heiður sem knattspyrnufélagið gæti veitt nokkrum manni væri að gera hann að heiðursfélaga. Nafnbótin væri tákni þess að Akranesingar kynnu vel að meta framlag hans til knattspyrnunnar um víða veröld fyrr og síðar og vildu þakka honum það.

- J.G.



Morgunblaðið/Jón Gunnlaugsson

Heiðursfélagar Knattspyrnufélags ÍA. F.v. Ríkhartur Jónsson, Pele og Þórður Þórðarson.

## MYNDLIST

### Ólíkir karlar undir sama þaki

Tveir myndlistamenn opnuðu nýlega sýningar í salarkynnum Kjarvalsstaða og standa sýningarnar enn yfir. Þetta eru þeir Birgir Andrésón og fransmaðurinn Philip Cazal. Margt var um manninn og stemming

góð eins og endranær á „opnunum“. Á meðfylgjandi myndum geta lesendur meðtekið nokkuð af umræddri stemmingu.



Morgunblaðið/Jón Svavarsson

Birgir Andrésón blandar geði við sýningargesti, Birgir er fremst, lengst t.h.



Það fer ekki á milli mála eftir hvern listaverkið er...Phillip Cazal við eitt verka sinna, en til hliðar skeggræða gestir listina.



Gestir virða fyrir sér nokkur verka Birgis.

## KVIKMYNDIR

### Freddy Kruger er allur

Sjötta kvikmyndin um ófreskjuna Freddy Kruger verður frumsýnd í kvikmyndahúsum fyrir vestan haf í dag og þess er varla langt að bíða að hún bjóðist íslenskum kvikmyndahúsgestum. Freddy þessi er enginn annar en hinn morðóði fjandi sem stráfellt hefur fleiri tylftir ungmenna í kvikmyndunum um martraðirnar í Almstræti. Freddy heimsækir fórnarlömb sín í draumi sem endar jafnan með þeim blákalda veruleika að hann myrðir krakkana með hinum fjölbreytilegustu og ferlegustu aðferðum aðferðum. Notar hann jafnan klippikrúmlur sínar til þess arna. Þótt alla tíð hafui menningarlegt gildi þessara fjöldamorða verið dregið í efa, er ljóst að vinsældir Fredda hafa verið ótrúlegar og raunar athyglis-

verðar. Þær hafa staðið undir sex kvikmyndum hvorki meira né minna. En nú er mál að linni. Það þykir við hæfi að kvikmyndin sé sýnd í dag, því nú er ekki bara föstudagur, heldur 13. mánaðar að auki, en önnur svona maraþonmórðasaga sem gengið hefur hart nær jafn lengi og Almstrætismorðin er einmitt kennd við „Föstudaginn 13.“. Robert Englund hefur alla tíð leikið Fredda, fyrst árið 1984 og nánast árlega síðan. Hann segir framleiðendurna ákveðna í að hætta og vitnar í nafn myndarinnar, „Freddys Dead - The Final Nightmare“, eða „Freddy er dauður - Síðasta martröðin“. „Ég geri ráð fyrir að þeir passi sig að halda smugu opinni ef það dytti í þá að taka aftur upp þráðinn, en hvað



Robert Englund, öðru nafni Freddy Kruger.

mig snertir, er þessu lokið. Ég reikna með því að sakna Fredda eftir nokkur ár, en sem stendur er ég hæst ánægður að vera laus við að smyrja þennan fjandans farðagrút í andlitjð nær daglega.